

Kindur jarma í kofunum

Kennsluleiðbeiningar

UM LAGIÐ

Kindur jarma í kofunum er skrifað upp eftir minni og eftir uppskrift Bjarna Þorsteinssonar sem hafði það eftir Guðmundi Davíðssyni. Guðmundur taldi lagið eiga rætur að rekja til Grímseyjar.

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-396258db-ec2f-47bf-8b36-dcef5601af20>

<https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-959e7678-02a2-4d8c-9d3f-fa788770f7de>

UM ÚTSETNINGUNA

Útsetningin að Kindur jarma í kofunum er í tilbrigðaformi. Hér kynnast nemendur því hversu fjölbreytt hljóð má framkalla á strengjahljóðfæri. Þau spila pizzicato, col legno, banka í hljóðfærin og læra að herma eftir kindum, kúm, hestum, hundum og köttum. Tónbilið fimmund er gegnumgangandi í allri útsetningunni, bæði sem undirspil og fylgirödd.

Spunakafli

Í útsetningunni miðri er spunakafli. Það er hægt að spila hann eins og hann er skrifaður en miklu skemmtilegra er að leika sér með dýrahljóðin. Hver rödd á þau hljóð sem eru skrifuð inn og má bæta við öðrum sem nemendum dettur í hug. Stjórnandi gefur hljóðin inn og slær þau af. Gaman er að skipuleggja þennan kafla með aðstoð nemendanna, hvar finnst þeim að hljóðin eigi að koma inn? Eru einhver dýranna að tala saman? Fara hundurinn og kötturinn að slást – og hvað gerist þá? Spunakaflinn má vara eins lengi og þörf er á.


ÆFINGAR OG UPPHITUN

Syngjum lagið, lærum kvæðið!

1. Styrkleikabreytingar, crescendo <> diminuendo.

- Hvað þýða orðin?
- Hvernig gefur stjórnandi til kynna hvort spila á með vaxandi eða minnkandi styrk?
- Lærum að gefa cresc. og dim. til kynna með höndunum, skiptumst á að stjórna hópnum.
- Leikum á lausum streng eða á hljómi að eigin vali:






e) Prófum að spila tónstiga eða kunnuglegt stef pp<ff með jöfnum vaxandi styrk

f) Prófum að spila tónstiga eða kunnuglegt stef ff>pp með jöfnum minnkandi styrk.


2. Col legno – arco og pizzicato – arco

Æfum okkur að grípa bogann þegar við skiptum um tækni. Förum hægt í sakirnar og gætum þess að nemendur skilji öll gripin og hvernig á að búa þau til. Þegar nemendur geta skipt vel milli gripa er hægt að þjálfra hraðann á eftirfarandi hátt:


a)



b) sami púls



c) sami púls



3. Strengjahljóðfæri = slagverkshljóðfæri.

Leggjum frá okkur bogann, tókum fiðlur og víólur í kjöltuna. Höldum hljóðfærunum með vinstri höndinni og snúum þeim svo bakið vísi að hægri höndinni. Prófum að banka laust í bakið á þeim með hnúunum á lausu höndinni.

- a) Hvernig hljómar bankið? Hvernig breytist hljóðið ef við klöppum á bakið með lófanum? En ef við notum bara fingurgómana?
- b) Kemur sama hljóð alls staðar þar sem við bönkum á bakið?
- c) Hvernig hljómar að banka á hlið hljóðfæranna?
- d) Setjum saman stutt rytmadæmi þar sem helmingur nemenda bankar púls og hinn helmingurinn klappar takt á bakið á hljóðfærunum. Skiptumst á.

TILBRIGÐI

Þar sem útsetningin er í tilbrigðaformi má leika tilbrigðin stök og endurtaka þau að vild. Einnig má syngja og leika lagið í fimmundum, gjarnan eftir eyra.

Á bókstaf C eru gefnir upp tveir valmöguleikar í fylgirödd 2; að spila röddina col legno eða snúa hljóðfærunum við og banka rytmann á bakið. Prófið gjarnan báðar útgáfur og leyfið nemendum að ákveða hvor hljómar betur.

.